

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hvalfjarðarsveit.

#### *Breyting á deiliskipulagi Hafnar II.*

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 11. nóvember 2016 breytingu á deiliskipulagi í landi Hafnar II. Tillagan er dagsett 5. október 2016 og felur m.a. í sér færslu á lóðum nr. 69 og 77.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Nýtt deiliskipulag – Hótel Hafnarfjall.*

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 9. maí 2017 nýtt deiliskipulag fyrir Hótel Hafnarfjall. Deiliskipulagstillagan felur í sér skilgreiningu byggingarreita og byggingarskilmála fyrir stækkun hótels, starfsmannaíbúðir og smáhýsi á lóðinni. Tillagan er sett fram á uppdrætti með greinargerð og mati á umhverfisáhrifum dags. 26. ágúst 2016.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 14. ágúst 2017,*

**Lulu Munk Andersen**, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. ágúst 2017